


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 3	Módelteikning og anatómía MYL103	
	Námsáætlun haust 2015	

Kennari: Amí Guðmann, AMÍ, ami@vma.is
Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is

Viðtalstími: Mánudaga 11:20-12:00
Miðvikudaga 13:10-13:50

Áfangalýsing

Nemandinn þjálfar sig í að umbreyta þrívíðu formi mannlíkamans í tvívíða teikningu. Samvinna sjónskynjunar og hreyfingar handar er eflað á ýmsa vegu. Nemandinn tileinkar sér aðferðir til að meta stærðir, stefnu, hlutföll og afstöðu mismunandi líkamsparta og raða saman í heildarmynd. Hann rannsakar á agaðan hátt byggingu og mótun forma mannlíkamans þar sem áhersla er á jafnvægi, hlutföll, hreyfingu og innsýn í þann samhljóm sem er milli módelteikningar og beina og vöðvabyggingar. Nemandinn beitir einnig frjálsri teikningu þar sem leikur túlkun og tjáning er í forgrunni. Teiknað og mótað er eftir lifandi fyrirmynd, beinagrind og tvívíðum myndum með blýanti, kolum, bleki og leir meðal annars. Í tengslum við verkefnavinnu skoðar nemandinn dæmi úr myndlistasögu og samtímalist þar sem mannlíkaminn er viðfangsefið. Hann vinnur sjálfstætt að nánari skoðun á módeli og teiknistíl milli kennslustunda og ígrunda stöðugt verk sín í samvinnu við kennara og aðra nemendur.



Samuel Bonill

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- samvinnu sjónskynjunar og hreyfingar handar í teikningu.
- jafnvægi, hlutföllum, hreyfingu og mótun forma mannlíkamans.
- samhljómi milli módelteikningar og beina og vöðvabyggingar mannlíkamans.
- aðferðum til að meta jafnvægi, hlutföll, hreyfingu og afstöðu mismunandi líkamshluta.
- muninum á rannsóknarvinnu og frjálsri teikningu.
- hvernig nokkrir listamenn hafa unnið með mannlíkamann í sögunni og samtímanum.

Leikniviðmið


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- hreyfa teikniáhold í samræmi og samfellu við skynjun sína.
- teikna mismunandi líkamsstöðu í jafnvægi, réttum hlutföllum og hreyfingu og móta form hans.
- beita hjálparaðferðum til að meta jafnvægi, hlutföll, hreyfingu og afstöðu mismunandi líkamshluta.
- byggja teikningu sína á rannsóknarvinnu á mannlíkamanum og verkum annara.
- skynja og túlka það sem hann sér og upplifir.
- ígrunda verk sína og vinnuferli og ræða við aðra.

Hæfniviðmið

Rekstrarhandbók 09: Námsáætlanir

Prent. dags.: 24/09/2015

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 3	Módelteikning og anatómía MYL103	
	Námsáætlun haust 2015	

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta þekkingu sína og leikni í módelteikningu til að vinna að ýmsum ólíkum verkefnum.
- taka eftir því í umhverfi sínu sem tengist módelteikningu og vinna með það á eigin forsendum.
- nýta verk annara listamanna sem innblástur fyrir eigin verk.
- taka virkan þátt í umræðu um verk sín og annara.

Námsmat

Próflaus áfangi. Ferli og verk eru metin í formi leiðsagnarmats, sjálfsmats og kennaramats. Verk - afrakstur í tengslum við ætlan, notkun grunnreglna og vald á efnunum og aðferðum.

25%, rannsókn - hlutföll, jafnvægi, hreyfing, mótun forma

25%, hraðteikningar - túlkun, tjáning

Ferli - hvernig nemandi ber sig að við vinnuna. Metið þriðju hverja viku yfir önnina samkvæmt eftirfarandi atriðum

20%, opinn hugur, frumleiki, hugvitssemi, þor, eflist við ögrun

20 %, vinnur úr upplýsingum, notar fyrirmyndir, rannsókn, ígrundun

Sjálfstæð rannsókn

10 %, skissubók

Verkefni

1. Rannsóknarvinna, þar sem módelið er í löngum stöðum. Áhersla er lögð á að greina jafnvægi, hlutföll og hreyfingu í stöðunni og til þess notuð ýmsar hjálparaðferðir.

2. Hraðteikningar, leikur með mismunandi áhöld og aðferðir þar sem lögð er áhersla á túlkun og tjáningu.

3. Leirmótun, til hjálpar við að skynja þrívíða formið og yfirfæra það í tvívídd.

4. Vinna í skissubók heima og í skóla, nánari skoðun á módeli og teiknistíl.

5. Módel saga, mynddiskur, How Art Made the World.


6. Verk listamanna í nútíð og fortíð sem fást við mannlíkamann skoðaðir í bókum og á neti.

Með fyrirvara um breytingar.

Símar eru ekki leyfðir í módelteikningu

Opið hús 1. des.

Skilaverkefni skulu sótt á sýnidegi prófa

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	Módelteikning og anatómía MYL103 Námsáætlun haust 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 3		

Gangi ykkur vel

Dagsetning

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils